

Rangárþing eystra
Austurvegur 4
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 9. maí 2024
Málsnúmer: 202403-0073
BK

Efni: Barkarstaðir - breyting á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi eystra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 14. mars 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna breytingatillögu á aðalskipulagi fyrir Barkarstaði.

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 15 ha úr landi Barkarstaða úr landbúnaðarlandi í verslunar- og þjónustusvæði undir hótél sem rúmar 90 gesti.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu sama efnis þann 1. nóvember 2023.

Þar var m.a. bent á að svæði á náttúruminjaskrá er að finna austan og vestan skipulagssvæðisins og að mikilvægt er að öll mannvirki taki mið af umhverfi sínu og verði eins lítið áberandi og mögulegt er.

Í öðrum nýlegum umsögnum Náttúrufræðistofnunar hefur einnig ítrekað verið bent á mikilvægi flóðsléttu Markarfljóts sem búsvæði fugla, m.a. fyrir spóa en þéttleiki hans í slíkum búsvæðum er með því mesta sem þekkt er í heiminum. Einnig er kjói algengur en hann er á valista sem tegund í hættu.

Samkvæmt greinargerð mun þó sú uppbygging sem hér um ræðir helst eiga sér stað í hlíðinni sem ætti að hafa minni áhrif á fugla en framkvæmdir á flatlendinu neðan hennar.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru vistgerðir innan svæðisins sem hafa mjög hátt verndargildi, m.a. votlendi sem forðast ætti að raska.

Í greinargerðinni kemur fram að unnið sé að tillögu að deiliskipulagi. Þar sem mestu neikvæðu áhrifin eru líkleg til að vera á landslag væri æskilegt að ásýndarmyndir, sem sýna hvernig fyrirhugaðar byggingar munu koma til með að líta út frá mismunandi sjónarhornum, fylgi tillögunni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

